


Uppfærsla kóðunarkerfa – NANDA og GORDON

Nú um mánaðamótin október – nóvember 2009 kemur inn heildaruppfærsla á NANDA og Gordon kóðum. Eftir þessa uppfærslu eru kóðarnir eins og á SKAFL.is.

Breytingarnar eru í meginatriðum eftirfarandi:

- Allir **NANDA** kóðar eru nú í Sögu eins og á www.skafli.is, bæði á íslensku og ensku.
- **NANDA** kóðar eru ekki lengur auðkenndir sem 00014 og 00187, heldur 14 og 187, sem dæmi. Kóðar númer 500 og hærra færðust einnig í númer 900 og hærra.
- **Skýringartextar með NANDA** kóðum voru einnig uppfærðir, en þessa skýringartexta má sjá með því að smella á hnappinn „Kóðaupplýsingar“ í kóðaleitarglugga Sögu. (Sjá mynd.)



- **Gordon** kóðar, sem hægt var að velja sem ástæðu komu eða tilefni, er ekki hægt að velja lengur. Ástæðan fyrir þessu er sú að Gordon kóðar, öðru nafni nefndir Gordon lyklar eða heilsufarslyklar, eru fyrst og fremst flokkun á hjúkrunargreiningum frekar en að þeir séu kóðar í sjálfu sér. Til stendur að hætta alfarið að leyfa að velja Gordon kóða sem tilefni, enda kemur fram í tilmælum Landlæknisembættisins að tilefni samskipta skuli skrá samkvæmt flokkunarkerfinu ICPC (*International Classification of Primary Care*) hjá heilsugæslustöðvum og á læknastofum. Þetta mun gerast á næstu vikum ásamt uppfærslu á kóðatrénu. Þeim sem hafa notað t.d. tilefnið „Annað“ (Gordon 12) er bent á að nota „Annað erindi“ (ICPC -69).

Með kveðju

EMR - Heilbrigðislausnir